



Ved Stranden 18
DK-1061 København K

Sími: +45 3396 0200
Bréfasími: +45 3396 0202
www.norden.org

Svar við skriflegri fyrirspurn E19/2016 um bann við fiskveiðum á viðkvæmum svæðum norðurslóða

9. september 2016
16-00929-9

Fyrirspurn lögð fram af þingmönnum Norðurlandaráðs, þeim Ineqi Kielsen (S), Irene Johansen (A), Karin Gaardsted (S), Knut Storberget (A) og Suzanne Svensson (S).

Samfara því að loftslagsbreytingar hafa rekið fiskitorfur norðar á bóginn og valdið bráðnun hafssins umhverfis norðurskautið, aukast möguleikar á fiskveiðum á úthafinu í Norður-Íshafi.

Í júlí 2015 undirrituðu ríkin fimm sem koma að norðurskautssvæðinu; Danmörk, Noregur, Kanada, Bandaríkin og Rússland, fiskveiðisamning þar sem kveðið er á um friðun Norður-Íshafs um sinn. Samningurinn felur ekki í sér algert bann við fiskveiðum á viðkvæmum svæðum, en þess í stað hafa löndin skuldbundið sig til þess að hefja ekki veiðar á úthafi fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvað felst í sjálfbærum fiskveiðum og gerður hefur verið fiskveiðisamningur í ætt við þá sem fyrir eru, t.d. um veiðar í Norður-Atlantshafi, þar sem fyrirfram ákveðnum fiskveiðikvóta er skipt á milli hlutaðeigandi aðila.

Frá okkar bæjardryrum séð felst vandinn nú í því, að samningurinn tekur ekki til allra ríkja. Miklar fiskveiðipjóðir á borð við Japani og Kínverja, auk Spánverja, Breta og annarra innan ESB, hafa enn rétt til að veiða á úthafi norðurslóða.

Því beinum við eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Ætla Norræna ráðherranefndin og norrænu ríkisstjórnirnar að beita sér fyrir því að samningurinn um fiskveiðar á viðkvæmum svæðum norðurslóða taki til allra landa, og þá hvernig?
- Ætla Norræna ráðherranefndin og norrænu ríkisstjórnirnar að stefna að algeru banni við fiskveiðum á viðkvæmum svæðum norðurslóða, eða telja þau samninginn síðan í júlí 2015 fullnægjandi?

Bann við fiskveiðum á viðkvæmum svæðum í Norður-Íshafi

Norræna ráðherranefndin hefur ekki fjallað um fiskveiðar og fiskveiðisamninga fyrir þau svæði norðurslóða þar sem fiskveiðar kunna að verða mögulegar í framtíðinni. Ráðherranefndinni er þó kunnugt um að verið er að semja um þessi mál á fundum ríkjanna sem í hlut eiga.

Forsaga

Miðbik Norður-Íshafs er alþjóðleg siglingaleið, sem er afmörkuð af efnahagslögsögu hinna fimm strandríkja norðurslóða. Fimm lönd liggja að Norður-Íshafi, Kanada, Rússland, Bandaríkin, Noregur og Grænland. Hvert þessara landa hefur eigin efnahagslögsögu, sem spannar 200 sjómílu frá ströndinni. Hafið á milli þeirra er um 2,8 milljónir ferkílómetra og er kallað miðbik Norður-Íshafsins.

Fyrir liggur alþjóðleg löggjöf um fiskveiðistjórnun í alþjóðlegu hafrými, sem endurspeglast í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982 (UNCLOS), samningi SP frá 1995 um sameiginlega og víðförla fiskistofna (1995 Fish Stocks Agreement) og fleiri alþjóðlegum stjórnþækjum. Sem stendur er þó ekkert alþjóðlegt fiskveiðistjórnunarkerfi sem hefur eftirlit með fiskveiðum í atvinnuskyni í Norður-Íshafi, að frátöldu miðbiki Norður-Íshafs sem samningur Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) tekur til (8%).

Með tíð og tíma kunna loftslagsbreytingar að gera sjávarútveg á svæðinu mögulegan. Strandríkin umhverfis miðbik Norður-Íshafsins vilja tryggja að nægjanleg þekking sé til staðar á svæðinu, og að fiskveiðar verði ekki hafnar þar án þess að samningur um fiskveiðistjórnun liggja fyrir.

Því lögðu strandríkin fimm sem liggja að miðbiki Norður-Íshafs fram yfirlýsingu um fiskveiðar í Norður-Íshafi („Erklæring om Fiskeri i Det Arktiske Ocean“) þann 16. júlí 2015.

Yfirlýsingin felur ekki í sér friðun úthafsins. Með henni skuldbinda strandríkin fimm sig til þess að hefja ekki veiðar á úthafi fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvað felst í sjálfbærum fiskveiðum og gerður hefur verið fiskveiðisamningur í ætt við þá sem fyrir eru, t.d. um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

Frá því að yfirlýsingin var undirrituð í júlí 2015 hafa Bandaríkin hafið viðræður um alþjóðlegan samning sem byggir á meginatriðum hennar. Alþjóðlegur samningur um úthafsveiðar er mikilvægur til að koma í veg fyrir óviðunandi ástand sem hlytist af stjórnlausum veiðum, þegar veiðar geta hafist í úthafi á norðurslóðum í kjölfar loftslagsbreytinga.

Að viðræðunum koma Bandaríkin, Kanada, Rússland, Noregur, Danmörk (fyrir hönd Færeyja og Grænlands), Evrópusambandið, Suður-Kórea, Kína, Japan og Ísland. Viðræðurnar miða að því að ná samkomulagi um hvernig best sé að koma í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á miðbiki Norður-Íshafsins og um leið tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna í framtíðinni, að því gefnu að þeir verði til staðar þegar ísbreiðan hörfar. Þrír fundir hafa verið haldnir í Bandaríkjunum og Kanada. Næsta umferð viðræðnanna fer fram í Danmörku í nóvember 2016.

Alþjóðlegur samningur á að taka til eftirfarandi meginatriða: 1) Fiskveiðar á úthafi norðurslóða má aðeins stunda í samráði við eina eða fleiri fiskveiðistjórnunarstofnanir á svæðinu, sem er eða kann að vera stofnuð til að stjórna téðum fiskveiðum í samræmi við alþjóðlega nútímastaðla; b)

Sameiginlegar áætlunar um vísindalegar rannsóknir með því markmiði að greina frá framtíðarákvörðunum um fiskveiðistjórnun og að auka þekkingu á vistkerfum svæðisins; c) Tryggja að fiskveiðar á svæðinu í öðru skyni en atvinnuskyni verði stundaðar í samráði við vísindafólk og undir góðu eftirliti.

Öll hlutaðeigandi ríki og Evrópusambandið eru sammála um að þeim beri sameiginleg skylda til að standa vörð um lifandi auðlindir sjávar á úthafi norðurslóða og sjálfbæra nýtingu þeirra. Landsdeildirnar hafa ennfremur gengist við skyldu sinni að fyrirbyggja, afstýra og stöðva ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar veiðar, en sú skylda endurspeglast í fjölda alþjóðlegra samninga.

Viðræðuaðilar vilja efla alþjóðlegt vísindasamstarf með hliðsjón af hinum afar takmörkuðu vísindalegu upplýsingum sem fyrir liggja um þetta efni. Komist hefur verið á vísindalegu samstarfi, þar sem unnið er samhliða samningaviðræðunum og vísindaleg ráðgjöf veitt og uppfærð jafnóðum.

Hlutaðeigandi aðilar viðurkenna að vísindalegur skýrslur benda til þess að það þyki ólíklegt að fiskistofnar í úthöfum norðurslóða muni standa undir sjálfbærum atvinnuveiðum í náinni framtíð.

Með hliðsjón af hinum hröðu breytingum á norðurslóðum er vandasamt að spá fyrir um áhrif loftslagsbreytinga á fiskistofnana og því viðurkenna landsdeildirnar þörfina á því að beita varúðarreglu. Varúðarreglan endurspeglast í þeim samningsdrögum sem verið er að semja um.

Áhersla er lögð á að umboð Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) verði ekki haft að engu í alþjóðlegum samningi um miðbik Norður-Íshafsins.

Aðilar að samningaviðræðunum viðurkenna að íbúar norðurslóða, sér í lagi frumbyggjar, eigi hagsmuna að gæta í málinu og koma fulltrúar frumbyggja á norðurslóðum að ákvarðanatökunni.

Sjá einnig Samantekt grænlenku landsstjórnarinnar um samningaviðræðuferlið:

http://naalakkersuisut.gl/da/Naalakkersuisut/Nyheder/2016/07/130716-fiskeriaftale_arktiske_hoejsoe)

Mat varðandi þær fyrirspurnir sem lagðar voru fram:

1. Það er mat Norrænu ráðherranefndarinnar að yfirstandandi alþjóðlegar samningaviðræður, með þátttöku allra landa sem hlut eiga að máli, séu skilvirkur og gagnlegur vettvangur til að gera samninga sem geta tryggt sjálfbæra stjórnun fiskiauðlinda í miðbiki Norður-Íshafsins.

2. Það er mat Norrænu ráðherranefndarinnar að hér sé unnið að samningum sem muni tryggja að mögulegar fiskveiðar fari fram á sjálfbærum og vísindalegum grunni, sem tryggt geti jafnvægi milli umhverfis- og auðlindaverndar og þeirra hagsmuna samfélagsins sem felast í því að nýta auðlindirnar með sjálfbærum hætti.

Norræna ráðherranefndin hyggst því ekki skipuleggja neinar sjálfstæðar aðgerðir að svo stöddu, en fylgist með þróun mála.

Þann

Kimmo Tiilikainen
Landbúnaðar- og umhverfisráðherra

Fylgiskjal/-skjöl

Fylgiskjal: Yfirlýsing formanns frá fundinum „Meeting on high seas fisheries in the central Arctic Ocean, Iqaluit, Nunavut, Canada, 6-8 July 2016“